

Upplýsingar um eignasamsetningu séreignardeildar Festu - lífeyrissjóðs

Sjóðurinn rekur tvær séreignardeildir. Annarsvegar er um að ræða móttöku og ávöxtun iðgjalda almenns séreignarsparnaðar rétthafa, skv. 23. kafla samþykktá sjóðsins. Hins vegar er um að ræða tilgreinda séreignardeild, þar sem sjóðfélögum er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í slíka deild, sbr. 22 kafla samþykktá sjóðsins. Eignir almennrar og tilgreindrar séreignardeildar eru ávaxtaðar sameiginlega.

Sjóðurinn býður upp á tvær sparnaðarleiðir fyrir séreignarsparnað. Sparnaðarleið 1 er hugsuð sem varfærin ávöxtunarleið fyrir eldri og/eða áhættufælna sjóðfélaga, en sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni sem hentar tiltölulega breiðum hópi sjóðfélaga. Hægt er að velja um sitthvora leiðina fyrir bæði almennan séreignarsparnað og tilgreindan séreignarsparnað.

Sameiginlegar forsendur sparnaðarleiða

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiða 1 og 2 tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja. Samkvæmt eðli máls, geta rétthafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar með virka opinbera verðmyndun til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum, auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir ef þær eru inni í sjóðum sem eru auðseljanlegir.

Útgreiðslureglur almennrar og tilgreindrar séreignar eru ekki þær sömu. Almenn séreign er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Tilgreind séreign er laus til útgreiðslu á fimm ára tímabili fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur (nú 67 ára). Reglur um útgreiðslu vegna örorku eru þær sömu. Þessi mismunur kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að reka sameiginlegt eignasafn fyrir þessar deildir.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 1

Sparnaðarleið 1 er leið sem hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Eignir hennar eru fjárfestar að 13% hluta í skráðum innlendum hlutabréfum og 87% í tryggjum innlendum skuldabréfum og innlánnum eftir atvikum.

Festa – sparnaðarleið 1	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	60%	35-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	10%	0-40%
Sértryggð skuldabréf	4%	0-30%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	3%	0-10%
Skuldabréf félaga og fagfjárfestasjóða	8%	0-15%
Innlán	2%	0-50%
Samtals skuldabréf	87%	80-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	0%	0-0%
- þ.a. innlend hlutabréf	13%	0-20%
Samtals hlutabréf	13%	0-20%
Samtals	100%	

Tafla 1-1: Fjárfestingastefna sparnaðarleiðar 1

Viðmið sparnaðarleiðar 1

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 1 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum (ekki innlánnum) sem falla undir 2.–6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni, skal ekki vera meiri 20% af heildareignum.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf 100% virk stýring
- Innlán 100% virk stýring
- Innlend hlutabréf 100% virk stýring

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Hámarkshlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða deild hans miðast við 20% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.

Viðmið um meðallíftíma skuldabréfa

Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 1 sé nálægt 5 árum.

Viðmið um verðtryggingarhlutfall

Safninu er ætlað að ná sem bestri ávöxtun með fjárfestingu í skuldabréfum og hlutabréfum eftir atvikum. Því eru engin neðri mörk á verðtryggingarhlutfalli. Safnið getur fræðilega séð verið 100% verðtryggt og að sama skapi 100% óverðtryggt.

Viðmið um gjaldeyrissamsetningu

Gert er ráð fyrir að 100% eigna sé í íslenskri krónu.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni skuldabréfa, innlána, innlendra og erlendra hlutabréfa. Leiðin er hugsuð fyrir breiðan hóp sjóðfélaga.

Festa – sparnaðarleið 2	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	34%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	9%	0-20%
Sértryggð skuldabréf	2%	0-20%
Skuldabréf banka og tryggingafélaga	0%	0-20%
Skuldabréf félaga	2%	0-20%
Skuldabréf fagfjárfestasjóða	0%	0-20%
Innlán	1%	0-20%
Erlend skuldabréf	0%	0-10%
Samtals skuldabréf	48%	40-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	37%	0-50%
- þ.a. innlend hlutabréf	15%	0-20%
Samtals hlutabréf	52%	0-60%
Samtals	100%	

Tafla 1-2: Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Viðmið sparnaðarleiðar 2

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 2 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum (ekki innlánnum) sem falla undir 2.–6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni, skal ekki vera meiri 20% af heildareignum.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf, 100% virk stýring
- Hlutabréf, innlend, 100% virk stýring
- Hlutabréf, erlend, 50-60% hlutlaus stýring (vísitölusjóðir), 40-50% virk stýring

Viðmið um meðaltíma skuldabréfa

Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími íslenskra skuldabréfa sparnaðarleiðar 2 sé nálægt 6,5 árum.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Hámarkshlutdeild í sérhæfðum

sjóði fyrir almenna fjárfesta eða deild hans miðast við 20% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.

Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu

Gert er ráð fyrir að 25-50% eigna sé í erlendri mynt en 50-75% í ISK hverju sinni. Erlend gjaldmiðlasamsetning tekur mið af heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI).